

Fluren 37 Basic Cleaner

Vörulýsing

Fluren 37 er alkalískt hreingerningarefni. Sápuefnin sem notuð eru brotna auðveldlega niður, lífrænt.

- Breitt notkunarsvið
- Brotnar auðveldlega niður í náttúrunni
- Framúrskarandi á pensla og málningarrúllur



Merkingar



Notkunarmöguleikar

Er notað jafnt innan- sem utanhúss til að þrifa mjög óhreina fleti, sem á að mála. Skolað er með vatni fyrir málun.

Hentar einnig sem alhliða þvottaefni á málaða fleti, vínýl, steypu og málma.

Einnig til að hreinsa pensla og málningarrúllur.

Meðhöndlun

Fjarlægir fast vax, fitu, sápuþefni, tjöruefni, tóbakstjöru og fleira, en verkar ekki á kalksápu og ryðbletti.

Að loknum þrifum skal skola með hreinu vatni og þurrka með vel undnum klút/svampi.

Pensla skal hreinsa vel með Flügger 37 og skola síðan með vatni.

Athugið!

Fluren 37 getur mislitað óvarinn við og skvettur geta gert hvíta bletti á sinkhúðað járn.

Til að hreinsa mjög óhreina fleti utanhúss er ráðlagt að nota Facade Clean.

Geymsla

Kalt, frostlaust og vel þétt

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Hreinsiefni
pH gildi	11
Blöndunarhlutfall	Venjuleg þrif: 0,5 dl á móti 5 l af vatni (1%) Gróf þrif: 2,5 dl á móti 5 l af vatni (5%) Fyrir málun: 5 dl á móti 5 l af vatni (10%) Penslahreinsun: óþynnt
Country of Origin	Sweden

Núverandi TDS útgáfa

desember 2024

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2021